

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps**  
**vegna frístundabyggðar að Syðri-Brú.**

Skipulagsstofnun staðfesti 19. október 2018 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn 16. maí 2018.

Breytingin felst í að frístundabyggð F14a í landi Syðri-Brúar stækkar um 2,5 ha til vesturs en opið svæði til sérstakra nota, golfvöllur, minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var óveruleg breyting á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 19. október 2018.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2018